



SUBARU

SUBARU

Ábyrgðar- og þjónustubók



Þetta ÁBYRGÐAR- OG ÞJÓNUSTUSKÍRTEINI inniheldur skilmála takmarkaðrar viðbótarábyrgðar SUBARU, „**SUBARUSAFE10**-ábyrgð“.

Viðurkenndir aðilar viðgerðanets SUBARU fyrir vélknúin ökutæki (hér eftir nefndir „viðurkenndir viðgerðaraðilar“) eru sérhæfðir í þjónustu við ökutæki frá SUBARU og umsjón ábyrgðarviðgerða sem falla undir þetta ÁBYRGÐAR- OG ÞJÓNUSTUSKÍRTEINI (hér eftir nefnt „bæklingur“).

Viðurkenndir söluaðilar okkar eru á hinn bóginn sérhæfðir í sölu SUBARU-bifreiða, en geta um leið verið viðurkenndir viðgerðaraðilar séu þeir með vottuð þjónustuverkstæði sem tilheyra sama fyrirtæki.

Listi yfir viðurkennda viðgerðaraðila SUBARU er á vefsvæði okkar: www.bl.is

Efnisyfirlit

Inngangsorð	3
Persónuverndarstefna	3
Upplýsingar um eiganda og ökutæki.....	4
Forsendur.....	6
Gerðir ábyrgðar og tryggingasamantekt.....	8
Frekari upplýsingar	10
Upplýsingar um takmarkaða viðbótarábyrgð SUBARU (SUBARUSAFE10).....	12
Hvað nær ábyrgðin ekki yfir?.....	16
Hvenær ógildist ábyrgðin?	19
Skyldur eigandans	20
Virkjun ábyrgðarinnar.....	20
Kröfur í tengslum við vinnu sem fellur undir ábyrgð	21
Fyrir fram heimild fyrir vinnu sem fellur undir ábyrgð.....	21
Ýmislegt/almennir skilmálar	22
Breyting á eignarhaldi	22
Kostnaður vegna vinnu sem fellur undir ábyrgð	22
Gildissvæði	23
Ábyrgðartrygging í landi innan EES sem er utan gildissvæðis	24
Yfirlýsing um gagnavernd.....	24
Viðauki (kerfi/íhlutir sem falla undir ábyrgð.....	26
Skoðunar- og viðhaldsskrá	32
Skoðun fyrir afhendingu (PDI)	33
Skrá yfir reglubundið viðhald	34
Skráning hraðamælisskipta	37

INNGANGSORÐ

Takk fyrir að velja SUBARU. Við vonum að upplifun þín af SUBARU, þar með talið af þjónustuneti okkar sem þú hefur aðgang að vegna ábyrgðartryggingar SUBARU, hafi staðist væntingar þínar.

Með það að markmiði að tryggja þér enn betri upplifun bjóðum við upp á **SUBARUSAFE10** sem skilar þér viðvarandi öryggi og hugarró við eignarhald SUBARU til langs tíma, fram yfir lok gildistíma staðlaðrar takmarkaðrar ábyrgðar SUBARU.

Þetta skírteini er mikilvægt skjal í tengslum við þjónustu þíns SUBARU.

Þetta skírteini skal hafa í ökutækinu öllum stundum og það skal afhent viðurkenndum viðgerðaraðila ef þörf er á viðgerðarþjónustu samkvæmt ábyrgð. Þú skalt tryggja að reglubundin viðhaldsþjónusta fyrir þinn SUBARU sé skráð í skírteinið í samræmi við leiðbeiningarnar sem fram koma hér. Slíkar skráningar eru nauðsynlegar til að halda þessari ábyrgð í gildi.

Að auki skaltu ganga úr skugga um að eyðublaðið fyrir auðkenni ökutækis sem er að finna á bls 4 í þessu skírteini hafi verið fyllt út áður en fyrsta ábyrgðarviðgerð sem fellur undir **SUBARUSAFE10**, fer fram. Ef þú selur þinn SUBARU skaltu afhenda nýja eigandanum þetta skírteini með notendahandbókinni til að viðkomandi hafi vitneskju um eftirstandandi gildistíma ábyrgðarinnar.

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

BL leggur áherslu á persónuvernd þína. Á www.bl.is er að finna upplýsingar um hvernig þjónustuaðilar SUBARU safna, nota, deila og reyna að vernda upplýsingarnar þínar.

UPPLÝSINGAR UM EIGANDA OG ÖKUTÆKI

NAFN: _____

HEIMILISFANG: _____

SÍMANÚMER: _____

Stimpill söluaðila

UNDIRSKRIFT EIGANDA:

DAGSETNING SKRÁNINGAR: DD MM ÁÁ

--	--	--	--	--	--

STAÐA Á KÍLÓMETRAMÆLI:

GERÐ:

VERKSMÍÐJUNÚMER:

--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

SÖLUADILI:

HEIMILISFANG:

ANNAR EIGANDI

NAFN: _____

HEIMILISFANG: _____

SÍMANÚMER: _____

┌

Stimpill söluaðila

└

┌

└

STAÐA Á KÍLÓMETRAMÆLI:

UNDIRSKRIFT EIGANDA:

SKRÁNINGARNÚMER:

ÞRÍÐJI EIGANDI

NAFN: _____

HEIMILISFANG: _____

SÍMANÚMER: _____

┌

Stimpill söluaðila

└

┌

└

STAÐA Á KÍLÓMETRAMÆLI:

UNDIRSKRIFT EIGANDA:

SKRÁNINGARNÚMER:

FORSENDUR

SUBARU varð fyrir valinu vegna áreiðanlegra gæða og einstakrar verkfræðilegrar hönnunar sem stuðlar að öryggi í akstri. Við bjóðum upp á **SUBARUSAFE10** til að stuðla að enn frekara öryggi fyrir eiganda SUBARU til langs tíma. Helstu forsendurnar að baki **SUBARUSAFE10** eru útlistaðar hér á eftir:

- Þú átt rétt á **SUBARUSAFE10** eftir að stöðluð takmörkuð ábyrgð SUBARU fellur úr gildi
- **SUBARUSAFE10** er viðhaldsstýrð ábyrgð. Þetta þýðir að ef þú ferð með þinn SUBARU í reglubundið viðhald til viðurkennds viðgerðaraðila á okkar vegum samkvæmt áætluninni sem tilgreind er í notendahandbókinni virkjast **SUBARUSAFE10** sjálfkrafa hjá þér í **eitt (1) ár frá þeirri dagsetningu sem reglubundið viðhald fór síðast fram á eða næstu 15.000 km, hvort sem kemur á undan**, fram að dagsetningu næsta reglubundna viðhalds („**SUBARUSAFE10**-tímabil“).
- Meðan á **SUBARUSAFE10**-tímabilinu stendur eða að því loknu er þér frjálst að fara til viðgerðaraðila sem ekki er viðurkenndur viðgerðaraðili. Það mun ekki hafa áhrif á gildi **SUBARUSAFE10**.
- Þegar **SUBARUSAFE10**-tímabilið rennur út og reglubundnu viðhaldi sé ekki sinnt hjá viðurkenndum viðgerðaraðila, hefur þú samt áfram rétt á ábyrgð (þar sem **SUBARUSAFE10** krefst ekki stöðugs reglubundins viðhalds hjá viðurkenndum viðgerðaraðila). Þú uppfyllir alltaf skilyrði fyrir **SUBARUSAFE10** í allt að tíu (10) ár frá nýskráningu ökutækis eða 200.000 km, hvort sem kemur á undan.
- Ef **SUBARUSAFE10**-tímabilið rennur út eða ef reglubundið viðhald fer fram seinna en krafist er samkvæmt áætluninni í notendahandbókinni hefst nýtt **SUBARUSAFE10**-tímabil 30 dögum eftir að viðurkenndur viðgerðaraðili sinnir reglubundnu viðhaldi. Frekari upplýsingar má finna í kaflanum **FREKARI UPPLÝSINGAR** hér á eftir.

-
- ALLIR þættir reglubundins viðhalds (óháð upprunalegu millibili) OG sérkrafna sem kunna að eiga við í þínu landi, eins og tilgreint er í notendahandbókinni, ættu að vera í höndum viðurkennds viðgerðaraðila til að **SUBARUSAFE10** verði virkt ef annaðhvort skilyrði, eða bæði skilyrðin, hér á eftir eru uppfyllt:
 - a) Ef eigandi getur ekki lagt fram sönnun þess að ökutækið hafi undirgengist rétt reglubundið viðhald á síðustu tveimur (2) árum eða 30.000 km.
 - b) Um er að ræða fyrsta reglubundna viðhaldið eftir eigandaskipti.
 - **SUBARUSAFE10** framlengir sumar, ekki allar, gerðir ábyrgðar sem er að finna í staðlaðri takmarkaðri ábyrgð SUBARU. Þær gerðir ábyrgðar sem **SUBARUSAFE10** framlengir eru „almenn ábyrgð“, „ábyrgð á aflrás rafknúinna ökutækja“ og „ábyrgð á háspennurafhlöðu rafknúinna ökutækja“ í allt að 10 ár eftir nýskráningu ökutækis eða 200.000 km, hvort sem kemur á undan. Þetta 10 ára tímabil eða 200.000 km hámark felur í sér, en kemur ekki til viðbótar við, staðlaða takmarkaða ábyrgð SUBARU. Frekari upplýsingar um GERÐIR ÁBYRGÐAR og TRYGGINGASAMANTEKT og UPPLÝSINGAR um takmarkaða viðbótarábyrgð SUBARU (**SUBARUSAFE10**) er að finna hér á eftir.
 - **SUBARUSAFE10** tekur gildi á grunni hverrar ábyrgðargerðar fyrir sig. Til dæmis er ábyrgð á háspennurafhlöðu rafknúinna ökutækja samkvæmt staðlaðri takmarkaðri ábyrgð SUBARU enn í gildi 8 árum eftir nýskráningu ökutækis eða 160.000 km, hvort sem kemur á undan, jafnvel þótt almenn ábyrgð staðlaðrar takmarkaðrar ábyrgðar SUBARU sé fallin úr gildi og falli nú undir **SUBARUSAFE10**.
 - Þannig skaltu geyma skírteini stöðluðu takmörkuðu ábyrgðarinnar með skírteini **SUBARUSAFE10** (hér eftir nefndar „báðar takmörkuðu ábyrgðirnar“), þótt að **SUBARUSAFE10** sé byrjuð að gilda fyrir þinn SUBARU. Eftir að almenn ábyrgð staðlaðrar takmarkaðrar ábyrgðar SUBARU fellur úr gildi ætti að skrá viðhald í PETTA skírteini (ekki er þörf á að færa skráningar inn í bæði skírteinin).
 - Upplýsingar um hvernig skal halda **SUBARUSAFE10** í gildi er að finna í HVENÆR ÓGILDIST ÁBYRGÐIN? og SKYLDUR EIGANDANS hér á eftir.
 - Upplýsingar um gildissvið **SUBARUSAFE10** er að finna í HVAÐ NÆR ÁBYRGÐIN EKKI YFIR og VIÐAUKA hér á eftir.
-

GERÐIR ÁBYRGÐAR og TRYGGINGASAMANTEKT

(Heildartrygging, ásamt staðlaðri takmarkaðri ábyrgð SUBARU)

1 ár*	2 ár*	3 ár*	5 ár*	8 ár*	10 ár*	12 ár*
Almenn ábyrgð*** (/200.000 km**)						
Ábyrgð á lakki/yfirborðsryði						
Ábyrgð á gegnumryði						
Ábyrgð á aflrás rafknúinna ökutækja*** (/200.000 km**)						
Ábyrgð drifrafhlöðu rafknúinna ökutækja **** (/200.000 km**)						
Upprunalegir varahlutir og aukahlutir (tvö ár frá kaupum/uppsetningu)						

 Stöðluð takmörkuð ábyrgð SUBARU

 SUBARUSAFE10

*Tímabilið (ár) miðast við dagsetningu nýskráningar ökutækis, að undanskilinni ábyrgð á varahlutum og aukahlutum þar sem tímabilið hefst á kaupdegi/uppsetningardegi.

**Ef fjallað er um ekna kílómetra (km) rennur trygging út þegar ökutækinu hefur verið ekið þann tiltekna fjölda kílómetra (km) sem lýst er, jafnvel áður en viðkomandi tímabil (ár) er liðið.

***Aflrás rafknúinna ökutækja inniheldur sambyggðan gírkassa og drif, drifmótor, áriðil og afriðil.

****Þegar rýmd háspennurafhlöðunnar fellur niður í 70% eða lægra hlutfall af upphaflegri rýmd telst hún biluð. (ábyrgð á skertri rýmd)

*****Upprunalegir varahlutir og aukahlutir sem eigandinn kaupir eru tryggðir í tvö ár frá kaupdegi eða uppsetningardegi.

Varahlutir sem settir eru upp í tengslum við viðgerð sem fellur undir aðra ábyrgð en ábyrgð á upprunalegum varahlutum og aukahlutum falla undir viðkomandi gerð ábyrgðar.

Varahlutir og aukahlutir sem EKKI eru framleiddir af eða fyrir hönd SUBARU teljast til varahluta og aukahluta frá öðrum framleiðendum og falla ekki undir ábyrgð SUBARU en kunna að falla undir ábyrgð viðkomandi birgja (og/eða lögboðna ábyrgð).

MIKILVÆG ATHUGASEMD

Til að taka af öll tvímæli takmarka ofangreind skilyrði, eða önnur skilyrði í þessu skírteini, ekki lögbundin réttindi neytanda hvað varðar galla sem eru til staðar þegar ökutækið eða upprunalegir varahlutir og aukahlutir eru afhentir neytandanum.


Þ.e. þau takmarka ekki rétt neytandans til að leita úrbóta hjá seljanda (þ.m.t. framleiðanda þar sem þess er krafist samkvæmt landslögum) vegna galla sem var til staðar við afhendingu að því tilskildu að gallinn komi í ljós innan tveggja (2) ára (eða lengri tíma ef kveðið er á um það í viðkomandi landslögum um neysluvarning) frá afhendingu vörunnar til neytandans.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Meðan á **SUBARUSAFE10**-tímabilinu stendur eða að því loknu er þér frjálst að fara til viðgerðaraðila sem ekki er viðurkenndur viðgerðaraðili. Það mun ekki hafa áhrif á gildi **SUBARUSAFE10**.

Ef að **SUBARUSAFE10**-tímabil rennur út eða ef reglubundið viðhald fer fram seinna en krafist er samkvæmt áætluninni í notendahandbókinni hefst nýtt **SUBARUSAFE10**-tímabil 30 dögum eftir að viðurkenndur viðgerðaraðili sinnir reglubundnu viðhaldi. Tímabilið áður en nýja **SUBARUSAFE10**-tímabilið hefst telst vera „autt tímabil“.

Hafðu í huga að gildistími **SUBARUSAFE10** er ekki framlengdur um sem nemur auðu tímabili eða tímabilum heldur miðast gildistíminn alltaf við 10 ár frá dagsetningu nýskráningar ökutækis eða 200.000 km, hvort sem kemur á undan.




Tökum sem dæmi: SUBARU-ökutæki er ekið við hefðbundnar aðstæður minna en 15.000 km á ári og þarfnast reglubundins viðhalds á 12 mánaða fresti*. Ef reglubundnu viðhaldi í lok áttunda (8) árs er frestað í sex (6) mánuði er **SUBARUSAFE10** ekki í gildi frá áskilinni dagsetningu reglubundins viðhalds í lok áttunda (8) árs þar til 30 dögum eftir að reglubundið viðhald fer fram í lok sjötta (6) mánaðar níunda (9) árs. Samkvæmt þessu ætti næsta reglubundna viðhald að fara fram í lok sjötta (6) mánaðar tíunda (10) árs. **SUBARUSAFE10** rennur sitt skeið í lok tíunda (10) ársins, og „auða tímabilið“ hér á undan hefur ekki áhrif á það.

(Athugið*) Viðhaldstími SUBARU er áætlaður á 12 mánaða eða 15.000 km fresti, hvort sem kemur á undan.

Undantekning frá því er samkvæmt skilgreiningum í hlutanum „Erfiðar akstursaðstæður“ í notendahandbókinni

EINGÖNGU er hægt að gera **SUBARUSAFE10** virkt með afturvirkum hætti á tímabilinu frá lokum staðlaðrar takmarkaðrar ábyrgðar SUBARU fram að næsta áætlaða reglubundna viðhaldi. Ef þörf er á viðgerð sem fellur undir ábyrgð eftir að stöðluð takmörkuð ábyrgð SUBARU rennur út OG áður en kemur að næsta reglubundna viðhaldi getur þú komið með sannanir (svo sem kvittanir og reikninga) um fyrri skráningu fyrra viðhalds til viðurkennds viðgerðaraðila, sem mun þá sinna ábyrgðarviðgerðinni. Ef væntanleg viðgerð fellur undir **SUBARUSAFE10** OG staðfest hefur verið að síðasta viðhald hafi verið framkvæmt eins og tilgreint er í notendahandbókinni mun ábyrgðarviðgerðin falla undir **SUBARUSAFE10**.



Tökum sem dæmi: SUBARU sem reglulega er ekið minna en 15.000 km á ári við hefðbundnar aðstæður var ekið óvenjulega langa vegalengd (meira en 15.000 km) á þriðja ári og reglubundið viðhald var áætlað í lok 10. mánaðar þriðja árs. Ef hægt er að færa sönnur á að reglubundið viðhald hafi farið fram (hjá hvaða viðgerðaraðila sem er), eins og tilgreint er í notendahandbókinni, hjá viðurkenndum viðgerðaraðila sem sinnir ábyrgðarviðgerðinni er mál þíns SUBARU unnið eins og **SUBARUSAFE10**-tímabilið sé hafið hjá þér.

UPPLÝSINGAR um takmarkaða viðbótarábyrgð SUBARU (SUBARUSAFE10)

UMFANG ÁBYRGÐAR

Subaru ábyrgist að nýja SUBARU-ökutækið þitt sé án galla í efni eða vinnu, með fyrirvara um eftirfarandi skilmála.

ALMENN ÁBYRGÐ

Stöðluð takmörkuð ábyrgð SUBARU gildir í **þrjú (3) ár** frá nýskráningu ökutækis **eða 100.000 km**, hvort sem kemur á undan.

Eftir að ALMENN ÁBYRGÐ staðlaðrar takmarkaðrar ábyrgðar SUBARU rennur út mun almenn ábyrgð **SUBARUSAFE10** gilda fyrir ökutækið þitt og taka gildi þegar viðurkenndur viðgerðaraðili sinnir reglubundnu viðhaldi og skráir það í þetta skírteini. Þegar ábyrgðin hefur tekið gildi gildir hún fyrir þinn SUBARU í eitt (1) ár frá degi reglubundna viðhaldsins eða 15.000 km, hvort sem kemur á undan, (fram að dagsetningu næsta áætlaða reglubundna viðhalds.) SUBARU-ökutækið þitt er eftir það gjaldgengt í **SUBARUSAFE10 í allt að tíu (10) ár frá nýskráningu ökutækisins eða 200.000 km, hvort sem kemur á undan.**

Eftirfarandi varahlutir falla undir eftirfarandi aðra ábyrgðarskilmála.

1. Blýrafgeymir

Upprunalega blýrafhlaðan er í ábyrgð í **tvö (2) ár** frá nýskráningu ökutækisins, óháð eknum kílómetrum. Ef henni hefur verið skipt út fyrir blýrafhlöðu á staðnum skaltu hafa samband við viðurkenndan viðgerðaraðila varðandi ábyrgð sem framleiðandi rafhlöðunnar kann að bjóða upp á.

2. Hjólbarðar

Hjólbarðar falla undir **ábyrgðarskilmála framleiðanda hjólbarðanna en ekki ábyrgð SUBARU.**

Upplýsingar fást hjá viðurkenndum viðgerðaraðila.

ÁBYRGÐ Á LAKKI / YFIRBORDSRYÐI

Þessi ábyrgð fellur hvorki undir né er framlengd af **SUBARUSAFE10**.

Ryð á ytra byrði fellur AÐEINS undir staðlaða takmarkaða ábyrgð SUBARU í **þrjú (3) ár** frá nýskráningu ökutækisins, óháð eknum kílómetrum.

Ábyrgðin nær yfir ryð á ytra byrði úr málmi, að undanskyldum undirvagni, útblástursröri og eldsneytiskerfi.

ÁBYRGÐ Á GEGNUMRYÐI

Þessi ábyrgð fellur hvorki undir né er framlengd af **SUBARUSAFE10**.

Gat í gegnum klæðningu af völdum ryðs **innan frá og út** fellur EINGÖNGU undir **staðlaða takmarkaða ábyrgð SUBARU í tólf (12) ár** frá nýskráningu ökutækisins, óháð eknum kílómetrum.

ÁBYRGÐ Á AFLRÁS RAFKNÚINNA ÖKUTÆKJA

Helstu íhlutir aflrásarkerfis (**sambyggður gírkassi og drif, drifmótor, áriðill og afriðill**) rafknúinna ökutækja falla undir staðlaða takmarkaða ábyrgð SUBARU í **fimm (5) ár** frá nýskráningu ökutækis **eða 100.000 km**, hvort sem kemur á undan.

Eftir að ábyrgð á aflrásum rafknúinna ökutækja samkvæmt staðlaðri takmarkaðri ábyrgð SUBARU rennur út mun ábyrgð á aflrásum rafknúinna ökutækja samkvæmt **SUBARUSAFE10** gilda fyrir ökutækið þitt og taka gildi þegar viðurkenndur viðgerðaraðili sinnir reglubundnu viðhaldi og skráir það í þetta skírteini. Þegar ábyrgðin hefur tekið gildi, gildir hún fyrir þinn SUBARU í eitt (1) ár frá degi reglubundna viðhaldsins eða 15.000 km, hvort sem kemur á undan (fram að dagsetningu næsta áætlaða reglubundna viðhalds). SUBARU-ökutækið þitt er eftir það gjaldgengt í **SUBARUSAFE10** í allt að **tíu (10) ár** frá nýskráningu ökutækisins eða **200.000 km**, hvort sem kemur á undan.

ÁBYRGÐ Á HÁSPENNURAFHLÖÐU RAFKNÚINNA ÖKUTÆKJA

Háspennurafhlaða í rafknúnu ökutæki fellur undir staðlaða takmarkaða ábyrgð SUBARU í **átta (8) ár** frá nýskráningu ökutækis eða **160.000 km**, hvort sem kemur á undan. Þegar rýmd háspennurafhlöðunnar fellur niður í 70% eða lægra hlutfall af upphaflegri rýmd telst hún biluð og virkjar ábyrgð á háspennurafhlöðu rafknúinna ökutækja í staðlaðri takmarkaðri ábyrgð SUBARU (ábyrgð á skertri rýmd).

Eftir að ábyrgð á háspennurafhlöðu rafknúinna ökutækja samkvæmt staðlaðri takmarkaðri ábyrgð SUBARU rennur út mun ábyrgð á háspennurafhlöðu rafknúinna ökutækja samkvæmt **SUBARUSAFE10** gilda fyrir ökutækið þitt og taka gildi þegar viðurkenndur viðgerðaraðili sinnir reglubundnu viðhaldi og skráir það í þetta skírteini. Þegar ábyrgðin hefur tekið gildi, gildir hún fyrir þinn SUBARU í **eitt (1) ár** frá degi reglubundna viðhaldsins eða **15.000 km**, hvort sem kemur á undan (fram að dagsetningu næsta áætlaða reglubundna viðhalds). SUBARU-ökutækið þitt er eftir það gjaldgengt í **SUBARUSAFE10** í allt að **tíu (10) ár** frá nýskráningu ökutækisins eða **200.000 km**, hvort sem kemur á undan. Ábyrgð á skertri rýmd fellur einnig undir **SUBARUSAFE10**.

ÁBYRGÐ Á UPPRUNALEGUM VARAHLUTUM og AUKAHLUTUM

Þessi ábyrgð fellur hvorki undir né er framlengd af **SUBARUSAFE10**.

Upprunalegir varahlutir og aukahlutir sem eigandinn kaupir eru tryggðir í **tvö (2) ár** frá uppsetningardegi eða kaupdegi. Til að nota þessa tryggingu þarftu að geyma og leggja fram upplýsingar á borð við kvittanir og/eða reikninga sem gera þér kleift að staðfesta hlutanúmerin og dagsetningu kaupa/uppsetningar.

Varahlutir og aukahlutir sem EKKI eru framleiddir af eða fyrir hönd SUBARU teljast til varahluta og aukahluta frá öðrum framleiðendum og falla ekki undir ábyrgð SUBARU en kunna að falla undir ábyrgð viðkomandi birgja (og/eða lögboðna ábyrgð).

Athugaðu: UPPSETNING VARAHLUTA við ÁBYRGÐARVIÐGERÐ

Varahlutir sem settir eru upp við ábyrgðarviðgerð samkvæmt annarri ábyrgð en ábyrgð á upprunalegum varahlutum og aukahlutum teljast samsvara upprunalegu varahlutunum. Þessir varahlutir falla því undir viðkomandi ábyrgð.

Frekari upplýsingar um ábyrgðartryggingu er að finna í viðauka.

HVAÐ NÆR ÁBYRGÐIN EKKI YFIR?

Lestu eftirfarandi vandlega. Hvorki SUBARU, dreifingaraðilar hans, söluaðilar né viðurkenndur viðgerðaraðili eru bundnir upplýsingar neinum skilmálum þessarar ábyrgðar ef eitthvað af eftirfarandi á við:

1. Tjón sem orsakast af því að tilskilinni reglubundinni skoðun og nauðsynlegri þjónustu er ekki sinnt í samræmi við ákvæðin sem fram koma í „SKYLDUR EIGANDANS“ í þessu ábyrgðarskírteini.
2. Tjón orsakast af óviðeigandi eða rangri viðgerð og/eða viðhalds hjá viðgerðaraðila sem er ekki viðurkenndur viðgerðaraðili.
3. Tjón orsakast af óheimilum breytingum á ökutækinu, svo sem uppsetningu viðbótarljósa eða notkun breiðari hjólbarða (t.d. fellur galli vegna uppsetningar ósamþykktra felga og hjólbarða ekki undir ábyrgðina).
4. Tjón sem orsakast af notkun hjólbarða frá mismunandi framleiðendum/af mismunandi stærð/með mismiklu sliti.
5. Tjón sem orsakast af notkun varahluta/vökva (olía, kælivökva, gass) sem SUBARU mælir ekki með eða hefur ekki samþykkt.
6. Stilling og endurstilling sem ekki tengist ábyrgðarviðgerð.
7. Tjón sem orsakast af notkun ökutækisins í öðrum tilgangi eða á máta sem ekki er samþykktur samkvæmt notendahandbókinni. Það að fara yfir tilgreinda getu og takmarkanir á hleðsluþyngd falla til dæmis undir þetta ákvæði.
8. Tjón sem orsakast af akstri ökutækisins við erfiðar aðstæður, svo sem í spyrnum eða rallíakstri.
9. Tjón af völdum náttúruhamfara eins og jarðskjálfta, storma, flóða, eldsvoða og slysa.
10. Tjón af völdum reyks, íðefna, fugladrits, salts, grjótkasts, rispa, járnryks eða annarra utanaðkomandi aðstæðna.

11. Kvartanir tengdar skynjun eiganda vegna einkenna eins og hávaða, titrings eða olíubletta sem ekki hafa áhrif á afköst, nema slíkar kvartanir stafi af galla í ökutækinu eða íhlutum þess sem voru til staðar þegar varan var afhent viðskiptavininum.
12. Tjón sem hefði átt að greinast við hefðbundna notkun og sem þróaðist út í að vera alvarlegt þar sem því var ekki sinnt.
13. Tjón sem orsakast af því að eigandinn fer ekki eftir þeim kröfum sem lýst er í „SKYLDUR EIGANDANS“ í þessu ábyrgðar- og þjónustuskírteini.
14. Tjón sem orsakast af uppsetningu aukahluta eða búnaðar eftir að ökutækið er keypt, svo sem útvarps, bílsíma, talstöðvar eða toppgrindar.
15. Galli í virkni hljóð- og afþreyingarkerfis og/eða gagnasamskiptaeiningar í tengslum við samhæfni og/eða samskiptavillu vegna ytri tækja, þ.m.t. hugbúnaðar þeirra og/eða breytinga á innri gerð, t.d. úrelding samskiptanets.
16. Notkun eða slit rekstrarvara (varahlutir sem þarf að skipta út með reglubundnum hætti) og olíu/smurfeiti og annarra vökva (sjá eftirfarandi töflu).
17. Tjón sem orsakast af rekstrarvörum sem ekki er sinnt (skortur á viðhaldi).

Rekstrarvörur	Loftsía, olíusía, bremsuklossar, bremsuborðar, bremsudiskar, bremsuskálar, þurrkublöð, ljósaperur, mótorbustar, öryggi o.s.frv.
Olía/smurfeiti og annað	Hemlavökvi, kælivökvi, smurfeiti, rúðuvökvi, rafhlöðuvökvi, kælivökvi fyrir loftræstingu, önnur smurefni o.s.frv.

-
18. Breytingar, hreinsun, skoðun eða nauðsynlegt reglubundið viðhald.
 19. Gjöld vegna síma, dráttar, bílaleigubíls og svo framvegis; bætur vegna óþæginda eða viðskiptatjóns; allur annar afleiddur kostnaður vegna þess að eigandinn getur ekki notað ökutækið.
 20. Aukahlutir sem afhentir eru án endurgjalds (eins og gjafir) og/eða hlutir sem eru ekki hluti af ökutækinu (til dæmis þrífasett).
 21. Tíma- og notkunartengdir ágallar á útliti eins og fölnun lita og/eða lýti á yfirborðsflötum eins og rispur, grjótskemmdir, litlar sprungur og/eða aflögun sem hefur ekki áhrif á virkni hluta. Þetta á við um eðlilegt slit á hlutum í innanrými/á ytra byrði.
 22. Tjón sem greinist utan gildistíma **SUBARUSAFE10**, þ.e. á „auðu tímabili“ sem varir í 30 daga fram að næsta reglubundna viðhaldi hjá viðurkenndum viðgerðaraðila, eins og lýst er í FREKARI UPPLÝSINGAR hér á undan, fellur ekki undir ábyrgðina.
 23. Tjón sem orsakast af völdum ytri búnaðar (svo sem hleðslubúnaði) og/eða tækja (svo sem snjallsímasnúru).
 24. Tilteknir einstakir hlutar á borð við hleðslusnúrur fyrir rafknúin ökutæki. Frekari upplýsingar eru í viðauka.

HVENÆR ÓGILDIST ÁBYRGÐIN?

Ábyrgðin telst ógild ef:

1. Ökutækið er ekki notað samkvæmt ákvæðunum sem fram koma í „SKYLDUR EIGANDANS“ í þessu skírteini.
2. Ökutækinu er lagt eftirlitslaust í langan tíma, jafnvel eftir að greinileg bilun og/eða galli greindist.
3. Upplýsingar sem lagðar eru fram til mats á gildi ábyrgðarkröfu eru falsaðar eða faldar.
4. Í ljós kemur að átt hefur verið við vegmælinn og/eða skírteinið.

Athugaðu: Þegar skipt er um hraðamæli þarf viðurkenndur viðgerðaraðili að fylla út „Skráning hraðamælisskipta“ í þessu skírteini. Staðfesting ábyrgðartryggingar skal byggjast á þeim heildarkílómetrafjölda sem fæst með því að bæta þeirri eknu vegalengd sem skráð er í „Skráning hraðamælisskipta“ við þá eknu vegalengd sem nýi hraðamælirinn sýnir.

SKYLDUR EIGANDANS

Til að tryggja að **SUBARUSAFE10** haldi gildi þarft þú að:

1. Nota ökutækið samkvæmt fyrirmælum í notendahandbókinni.
2. Láta skoða ökutækið þitt í samræmi við reglubundna viðhaldsáætlun sem tilgreind er í notendahandbókinni.
 - Kostnaður við slíka reglubundna viðhaldsþjónustu er greiddur af eigandanum.
 - Meðan á **SUBARUSAFE10**-tímabilinu stendur eða að því loknu er þér frjálst að fara til viðgerðaraðila sem ekki er viðurkenndur viðgerðaraðili. Það mun ekki hafa áhrif á gildi **SUBARUSAFE10**. Ef annar viðgerðaraðili en viðurkenndur viðgerðaraðili annast nauðsynlega reglubundna viðhaldsþjónustu þarf eigandinn að sjá til þess að viðgerðaraðilinn sinni öllum nauðsynlegum viðhaldsverkum og skrái viðhaldið í þetta skírteini samkvæmt fyrirmælum í notendahandbókinni. (Þetta er til að tryggja öryggi þitt.)
3. Geymdu þetta skírteini og allar kvittanir og/eða reikninga sem tengjast viðhaldi, viðgerðum og varahlutum og keyptum aukahlutum í ökutækinu þínu til að sýna viðurkenndum viðgerðaraðila þegar þörf er á ábyrgðarviðgerð.

VIRKJUN ÁBYRGÐARINNAR

SUBARUSAFE10 gildir sjálfkrafa fyrir SUBARU-ökutækið þitt þegar viðeigandi ábyrgð staðlaðrar takmarkaðrar ábyrgðar SUBARU rennur út, allt eftir gerð viðkomandi ábyrgðar.

SUBARUSAFE10-tímabilið hefst þegar reglubundið viðhald fer fram á þínum SUBARU. Upplýsingar um skipti eru í kaflanum FREKARI UPPLÝSINGAR.

Þegar þú ferð til viðurkennds viðgerðaraðila í fyrsta skipti eftir að stöðluð takmörkuð ábyrgð SUBARU rennur út skaltu tryggja að viðeigandi upplýsingar hafi verið færðar inn í hlutann UPPLÝSINGAR UM EIGANDA og UPPLÝSINGAR UM ÖKUTÆKI í ÞESSU skírteini.

KRÖFUR Í TENGLUM VIÐ VINNU SEM FELLUR UNDIR ÁBYRGÐ

Afhentu viðurkenndum viðgerðaraðila skírteinið þegar þörf er á ábyrgðarvinnu.

Ef skírteinið týnist eða hefur ekki verið fyllt út á fullnægjandi hátt er vinna, sem fara á fram samkvæmt ábyrgðinni hafnað, nema hægt sé að sýna fram á að ábyrgðarstaða þín og þjónustuferill uppfylli skilyrði með þeim skráum sem viðurkenndi viðgerðaraðilinn, sem annast ábyrgðarviðgerðina, hefur undir sínum höndum eða fær afhentar (þetta nær einnig til nauðsynlegra reikninga sem sanna að reglubundin viðhaldsvinna hafi farið fram hjá viðgerðaraðila sem ekki er viðurkenndur viðgerðaraðili).

FYRIR FRAM HEIMILD FYRIR VINNU SEM FELLUR UNDIR ÁBYRGÐ

Viðurkenndur viðgerðaraðili getur hugsanlega ekki hafið viðgerð fyrr en leyfi hefur fengist til að hefja vinnu, allt eftir þeirri ábyrgðarviðgerð sem þörf er á, og þá yfirleitt ef viðgerð er mjög kostnaðarsöm.

ÝMISLEGT/ALMENNIR SKILMÁLAR

1. Allir varahlutir sem skipt er út við ábyrgðarviðgerð, sem fellur undir **SUBARUSAFE10**, verða eign SUBARU.
2. Heiti dreifingaraðila áskilur sér rétt til að ákvarða hvaða aðferðir við viðgerð og hvaða varahlutir eru notaðir við ábyrgðarviðgerðir, þar á meðal notkun endurbyggðra hluta.
3. Ekki er hægt að segja **SUBARUSAFE10** upp eða fá hana endurgreidda.
4. Ef áætlaður kostnaður við viðgerðir, sem falla undir **SUBARUSAFE10** reynist meiri en áætlað verðmæti viðkomandi ökutækis (reiknað út miðað við að viðgerðin hafi farið fram) áskilur BL ehf. sér rétt til að velja annars konar úrlausn en að gera við ökutækið þitt.
5. Ef gallinn sem um ræðir, fellur undir annars konar ábyrgð, sem SUBARU býður upp á, þar á meðal innköllun vöru, á **SUBARUSAFE10** ekki við.
6. Þessir skilmálar falla undir íslensk lög og fara skal með ágreining í samræmi við lögsögu dómstóla á Íslandi.

BREYTING Á EIGNARHALDI

Ef ökutækið er selt á ábyrgðartímabilinu skal afhenda nýja eigandanum ábyrgðar- og þjónustuskírteinið. Nýi eigandinn þarf að fylla út tilkynningu um breytingu á heimilisfangi eða breytingu á eignarhaldi í þessu skírteini til að unt sé að flytja ábyrgðina.

KOSTNAÐUR VEGNA VINNU SEM FELLUR UNDIR ÁBYRGÐ

Kostnaður vegna viðgerðarvinnu og varahluta fellur undir **SUBARUSAFE10** í samræmi við upplýsingar í þessu skírteini. Eigandi þarf að standa straum af öðrum kostnaði sem **SUBARUSAFE10** nær ekki yfir.

GILDISSVÆÐI

SUBARUSAFE10 gildir í eftirfarandi löndum:

Austurríki, Belgíu, Bretlandi, Búlgaríu, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Íslandi, Ítalíu, Króatíu, Kýpur, Lettlandi, Lichtenstein, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Noregi, Póllandi, Rúmeníu, Serbíu, Slóveníu, Spáni, Svartfjallalandi, Sviss, Svíþjóð, Tékklandi, Tyrklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.

Athugaðu: Ef þú keyptir þinn SUBARU í EES-landi sem er utan ofangreindra landa getur þú nýtt þér **SUBARUSAFE10** ef SUBARU-ökutækið þitt er notað innan einhvers ofangreinds EES-lands, í Bretlandi eða í Sviss.

Listinn yfir lönd hér á undan er ekki tæmandi og hann kann að verða uppfærður.

Nýjustu upplýsingar er að finna á www.subaru.eu (hluti svæðisbundinna vefsvæða).

ÁBYRGÐARTRYGGING Í LANDI INNAN EES SEM ER UTAN GILDISSVÆÐIS

Ef SUBARU-ökutækið þitt, sem krefst ábyrgðarviðgerðar sem kann að falla undir **SUBARUSAFE10**, var keypt í landi sem er skráð undir GILDISSVÆÐI, en er síðan staðsett í landi sem er innan EES sem er ekki skráð undir GILDISSVÆÐI, getur þú farið á hvaða verkstæði sem er til að láta sinna nauðsynlegum viðgerðum á eigin kostnað, með þeim útskýringum að þú munir sækja um endurgreiðslu samkvæmt ábyrgðartryggingunni í kjölfarið. Þú getur fengið kostnaðinn endurgreiddan ef þú geymir og leggur fram, þ.m.t. með rafrænum hætti (t.d. tölvupósti), viðeigandi gögn sem geta sannað tæknilýsingu og kostnað við viðgerðina gagnvart viðurkenndum viðgerðaraðila í landi sem er skráð undir GILDISSVÆÐI innan sextíu (60) daga frá viðgerðardegi. Ef krafan er staðfest og þú færð endurgreitt verða upprunalegu varahlutirnir sem skipt var út af viðgerðaraðilanum eign SUBARU. Í slíku tilviki áskilur BL ehf. sér rétt til að hafa samband við viðkomandi viðgerðaraðila og krefjast afhendingar á upprunalegu varahlutunum fyrir hönd SUBARU innan níutíu (90) daga frá viðgerðardegi, ef þeir eru enn til staðar. Hafðu aftur á móti í huga að kröfunni kann að verða hafnað ef viðurkenndur viðgerðaraðili kemst að þeirri niðurstöðu að sú viðgerð sem þú óskar eftir endurgreiðslu fyrir falli ekki undir gildissvið **SUBARUSAFE10**.

Athugaðu að á viðgerðarreikningnum þarf að koma fram verksmiðjunúmer ökutækisins sem og tæknilýsing á þeirri vinnu sem fram fór.

YFIRLÝSING UM GAGNAVERND

Þegar BL ehf., með skráð aðsetur að Sævarhöfða 2, kemur á viðskiptasambandi við þig eða selur þér SUBARU-ökutæki safnar og vinnur viðkomandi dreifingaraðili, sem umsjónaraðili samkvæmt almenntri persónuverndarreglugerð ESB 2016/679 (GDPR), persónuupplýsingar sem tengjast þér í samræmi við almennu persónuverndarreglugerðina, eins og nánar er útskýrt í persónuverndarstefnunni sem við hvetjum þig til að lesa og er að finna á www.bl.is.

[illegible]

VIÐAUKI - KERFI/ÍHLUTIR SEM FALLA UNDIR ÁBYRGÐ

Í þessum hluta finnur þú upplýsingar um hvaða kerfi/íhlutir falla undir almenna ábyrgð, ábyrgð á aflrás rafknúinna ökutækja eða ábyrgð á háspennurafhlöðu rafknúinna ökutækja í takmarkaðri viðbótarábyrgð SUBARU (SUBARUSAFE10). Sama upptalning á við um sambærilegar ábyrgðir staðlaðrar takmarkaðrar ábyrgðar SUBARU. Frekari upplýsingar fást hjá viðurkenndum viðgerðaraðila.

Gerð	Kerfi/íhlutir sem eru tryggð	Undantekning (utan ábyrgðar)
Almennt	Loftkælingarkerfi Stjórneining, blásaramótor, rafmagnspjappa, eimir, þenslu-loki, miðstöðvarkerfi, vatnsstýringarkerfi, vatnskassi o.s.frv.	Loftsía í farþegarými (sjá athugasemd 1) Gasáfylling loftkælingar (sjá athugasemd 2) Afleiddar bilanir vegna gasleka/hávaða sem ekki er brugðist við í langan tíma.
Almennt	Háþróað akstursaðstoðarkerfi Stjórnölva Subaru Safety Sense, utanáliggjandi myndavélar, úthljóðsnemar, ratsjárskynjarar, ökumannsskynjaramyndavél, blindsvæðisskynjari, stjórnölva bílastæðakerfis o.s.frv.	Stilling myndavélar, ratsjár og skynjara. (sjá athugasemd 3).

Gerð	Kerfi/íhlutir sem eru tryggð	Undantekning (utan ábyrgðar)
Almennt	Hljóð- og afþreyingarkerfi Loftnetsmagnari, NAVI-loftnet, upplýsingaskjór fyrir margmiðlun, hátalarar o.s.frv.	Bilanir vegna ytri þátta (sjá athugasemd 4).
Almennt	Rafhlaða (12 V) Rafhlöðuspennuskynjari, stjórntölva rafhlöðu o.s.frv.	Stilling myndavélar, ratsjár og skynjara (sjá athugasemd 3).
Almennt	Yfirbyggingarhlutar Ekkert (sjá athugasemd 7).	
Almennt	Hemlakerfi Hemlastrokkur/afstrokkur, höfuðdæla, fótstigsskynjari, rafræn handbremsa o.s.frv.	Hemlaklossar, hemladiskar (sjá athugasemd 1). Hemlaslóngur (sjá athugasemd 8). Aðlögun og/eða hreinsun (sjá athugasemd 2).
Almennt	Hleðslukerfi Hleðsluhlífarlás o.s.frv.	Hleðslusnúður (AC/DC).
Almennt	Stjórnkerfi Gírskipting í gólfi, hreyfiliðir skiptingar, opnunarbúnaður húdds o.s.frv.	

Gerð	Kerfi/ihlutir sem eru tryggð	Undantekning (utan ábyrgðar)
Almennt	Skjákerfi Mælasamstæða	
Almennt	Hurðakerfi Hurðarhúnar að innan, hurðarhúnar að utan, hurðarlæs- ingarkerfi, mótórar/armar rafdrifinna rúða, gluggastillikerfi o.s.frv.	Gler í hurðum (sjá athugasemd 9).
Almennt	Drifskafskerfi Drifskaf að framan/aftan.	Drifskafshlífar (sjá athugasemd 8).
Almennt	Rafkerfi Netsímtalarofar, gagnasamskiptaeining, hætturofi, flautukerfi, margþætt netkerfi, stjórnkerfi hliðarspegla, stjórnkerfi raf- drifinna sæta, ræsirofi, rafdrifin afturhleraeining, kerfi opnan- legs þakglugga, stöðvunarljósarofi, stefnuljósarofi o.s.frv.	Stillingar (sjá athugasemd 3). Bilanir í gagnasamskiptaeiningu vegna ytri þátta. (sjá athugasemd 4). Lyklasendisraflöður (sjá athugasemd 5). Spegilflötur hliðarspeglakerfisins (sjá athugasemd 9).
Almennt	Kerfi á ytra byrði Ekkert (sjá athugasemd 11).	

Gerð	Kerfi/íhlutir sem eru tryggð	Undantekning (utan ábyrgðar)
Almennt	Kerfi í innanrými Loftpúðakerfi, öryggisbeltakerfi, sætisgrindur/stillingakerfi, mælaborð o.s.frv.	Litur dofna og/eða hárfínar sprungur (sjá athugasemd 10). Sílsahlífar, listar/klæðning í innanrými, sætispúðar
Almennt	Ljós (ytra byrði) Aðalljós, framljósasprautakerfi, hliðarljós, númeraplötljós, afturljósasamstæða, stefnuljós o.s.frv.	Ytri linsa (sjá athugasemd 11). Ljósaperur (sjá athugasemd 12). Stillingar/mið (sjá athugasemd 3).
Almennt	Ljós (í innanrými) Loftljós, kortaljós, ljós í speglum sólskyggna, ljós í farangursrými o.s.frv.	Ljósaperur (sjá athugasemd 12).
Almennt	Stýrisbúnaður Stýrissúla, milliöxull, tannstangarstýrisvél, millistangir o.s.frv.	Olíupétti og hlífar á drifskafi (sjá athugasemd 8) Stillingar (sjá athugasemd 3)
Almennt	Fjöðrunarkerfi Móttakari eftirlitskerfis fyrir þrýsting í hjólbörðum, hjólhraðaskynjarar, fjaðraarmar o.s.frv. Ábyrgð á hjólalegu gildir í allt að 160.000 km.	Eftirlitskerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum (sjá athugasemd 16). Hjólbarðar (sjá athugasemd 13). Stillingar (sjá athugasemd 3). Jafnvægisstöng, gormar. Fóðringar, olíupétti o.s.frv. (sjá athugasemd 8), hjól (sjá athugasemd 11). Vökvaleki frá dempurum (sjá athugasemd 14).

Gerð	Kerfi/íhlutir sem eru tryggð	Undantekning (utan ábyrgðar)
Almennt	Rúðuþurrkukerfi Þurrkuarmar, þurrkuhlekkir, þurrkumótor, þurrkuraflíði, rúðusprautukerfi o.s.frv.	Þurrkublöð (sjá athugasemd 1) Stillingar (sjá athugasemd 2)
Rafknúið ökutæki	Aflrásarkerfi rafknúinna ökutækja Afriðilseining, tengiblokk, rafmagnsaflgjafi, rafdrifnir öxlar, drifmótorar, kælikerfi mótors o.s.frv.	
Rafknúið ökutæki	Háspennurafhlöðukerfi rafknúinna ökutækja Háspennurafhlaða, rýrnun á rýmd háspennurafhlöðu (sjá athugasemd 15), kæli-/hitakerfi rafhlöðu, stjórnölva rafknúins ökutækis o.s.frv.	

Athugasemd 1: Almennt séð eru viðhaldshlutir ekki tryggðir.

Athugasemd 2: Almennt fellur áfylling á vökva og/eða smurning ekki undir ábyrgð nema hennar sé þörf í tengslum við ábyrgðarviðgerð.

Athugasemd 3: Almennt falla stillingar ekki undir ábyrgð nema þeirra sé þörf í tengslum við ábyrgðarviðgerð.

Athugasemd 4: Galli í virkni hljóð- og afþreyingarkerfis og/eða gagnasamskiptaeiningar í tengslum við samhæfni og/eða samskiptavillu vegna ytri tækja, þ.m.t. hugbúnaðar þeirra og/eða breytinga á innri gerð, t.d. úrelding samskiptanets.

Athugasemd 5: Almennt séð eru rekstrarvörur ekki tryggðar.

-
- Athugasemd 6: Upprunalega blýrafhlaðan fellur undir staðlaða takmarkaða ábyrgð SUBARU í tvö (2) ár frá nýskráningu ökutækisins, óháð eignum kílómetrum. Ef henni hefur verið skipt út fyrir blýrafhlöðu á staðnum skaltu hafa samband við viðurkenndan viðgerðaraðila varðandi ábyrgð sem framleiðandi rafhlöðunnar kann að bjóða upp á.
- Athugasemd 7: Yfirbyggingarhlutar eru ekki tryggðir. Aftur á móti kann gegnumryðsábyrgð staðlaðrar takmarkaðrar ábyrgðar SUBARU að gilda, allt eftir skilmálunum. Upplýsingar fást hjá viðurkenndum viðgerðaraðila.
- Athugasemd 8: Gúmmíhlutir eru ekki tryggðir.
- Athugasemd 9: Gluggar, rúður og/eða speglar eru ekki tryggðir.
- Athugasemd 10: Tíma- og notkunartengdir ágallar á útliti eins og fölnun lita og/eða lýti á yfirborðsflötum eins og hárfínar sprungur sem hafa ekki áhrif á virkni hluta eru ekki tryggðir.
- Athugasemd 11: Íhlutir á ytra byrði eru ekki tryggð.
- Athugasemd 12: Bilanir í rafkerfinu af völdum sprunginnar peru eru ekki tryggðar. Ef hins vegar er um að ræða vandamál sem ekki er hægt að laga með því að skipta um peru fellur það undir ábyrgðina.
- Athugasemd 13: Hjólbarðar falla undir ábyrgðarskilmála framleiðanda hjólbarðanna. Upplýsingar fást hjá viðurkenndum viðgerðaraðila.
- Athugasemd 14: Ekki er litið á vökvaleka frá dempurum sem bilun nema hann hafi áhrif á virkni.
- Athugasemd 15: Þegar rýmd háspennurafhlöðunnar fellur niður í 70% eða lægra hlutfall af upphaflegri rýmd telst hún biluð.
- Athugasemd 16: Ef hluti er knúinn með innbyggðri rafhlöðu/rafhlöðum sem ekki er hægt að skipta um fellur hluturinn í heild ekki undir ábyrgðina þegar hann hættir að virka vegna tómrar rafhlöðu.

SKOÐUNAR- OG VIÐHALDSSKRÁ

Þetta er til að votta að reglubundinni viðhaldsvinnu, sem tilgreind er í notendahandbókinni, sé lokið. Láttu viðgerðaraðila sem annast reglubundna viðhaldsvinnu fylla út SKRÁ YFIR REGLUBUNDIÐ VIÐHALD með dagsetningu, stöðu vegmælis og nafni viðgerðaraðila.

Geymdu alla reikninga, þ.m.t. viðhaldsskoðunarblöð, til að staðfesta að allar nauðsynlegar skoðanir og viðhaldsvinna hafi farið fram.

VERKSMÍÐJUNÚMER:

--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

DAGSETNING SKRÁNINGAR: DD MM ÁÁ

--	--	--	--	--	--

SKOÐUN FYRIR AFHENDINGU (PDI)

Framkvæmd skoðunar fyrir afhendingu samkvæmt þjónustuhandbókinni

Skoðun fyrir afhendingu	Stöðuskoðun	Skoðað	Verkleg skoðun	Skoðað
Dagsetning: Vegmælir:	Útlit		Svissað á og í gangi	
	Hjólbarði		Mælaborð	
	Öryggi		Viðvörunarljós	
	Virkni lása og hurða		Rafbúnaður	
Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Aukahlutir		Loftekling	
	Rafhlaða		Hljóð- og leiðsögukerfi	
	Vökvi, olía og kælivökvi		Speglar	
	Sæti og öryggisbelti		Hemlar og stöðuhemill	
			Stýri	
			Skipting	
			Leki	

SKRÁ YFIR REGLUBUNDIÐ VIÐHALD

1 ár/15.000 km	2 ár/30.000 km	3 ár/45.000 km	4 ár/60.000 km
Dagsetning: _____	Dagsetning: _____	Dagsetning: _____	Dagsetning: _____
Vegmælir: _____	Vegmælir: _____	Vegmælir: _____	Vegmælir: _____
Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Nafn viðgerðaraðila og stimpill
5 ár/75.000 km	6 ár/90.000 km	7 ár/105.000 km	8 ár/120.000 km
Dagsetning: _____	Dagsetning: _____	Dagsetning: _____	Dagsetning: _____
Vegmælir: _____	Vegmælir: _____	Vegmælir: _____	Vegmælir: _____
Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Nafn viðgerðaraðila og stimpill

9 ár/135.000 km	10 ár/150.000 km	11 ár/165.000 km	12 ár/180.000 km
Dagsetning: _____ Vegmælir: _____ Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Dagsetning: _____ Vegmælir: _____ Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Dagsetning: _____ Vegmælir: _____ Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Dagsetning: _____ Vegmælir: _____ Nafn viðgerðaraðila og stimpill
13 ár/195.000 km	14 ár/210.000 km	14 ár/210.000 km	
Dagsetning: _____ Vegmælir: _____ Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Dagsetning: _____ Vegmælir: _____ Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Dagsetning: _____ Vegmælir: _____ Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Dagsetning: _____ Vegmælir: _____ Nafn viðgerðaraðila og stimpill

Dagsetning: _____	Dagsetning: _____	Dagsetning: _____	Dagsetning: _____
Vegmælir: _____	Vegmælir: _____	Vegmælir: _____	Vegmælir: _____
Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Nafn viðgerðaraðila og stimpill
Dagsetning: _____	Dagsetning: _____	Dagsetning: _____	Dagsetning: _____
Vegmælir: _____	Vegmælir: _____	Vegmælir: _____	Vegmælir: _____
Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Nafn viðgerðaraðila og stimpill	Nafn viðgerðaraðila og stimpill

SKRÁNING HRAÐAMÆLISSKIPTA

Dagsetning endurnýjunar:

Eknir kílómetrar samkvæmt vegmæli:

km

Nafn viðgerðaraðila:

Undirskrift viðgerðaraðila:



BL ehf. Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík / 525 8000 / www.bl.is